

FYRIRLESTUR Í
RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR

FÖS. 23. JAN KL 16:00
TJARNARSALUR

ÁNÆGJULEGAR SAMGÖNGU- HJÓLREIÐAR: BORGARRÝMI OG GILDI FEGURÐARUPPLIFUNAR

DR. HARPA STEFÁNSDÓTTIR



FÖSTUDAGINN 23. JANÚAR KL 16:00.

Dr. Harpa Stefánsdóttir arkitekt FAÍ flytur fyrirlesturinn *Ánægjulegar samgönguhjólreiðar - borgarrými og gildi fegurðarupplifunar* sem byggir á doktorsritgerð Hörpu en hún lauk í október síðastliðnum doktorsprófi í umhverfisskiplagningu (landskapsplanlegging) frá Norges miljø- og biovitenskapelige universitet (NMBU). Í rannsókn sinni greinir Harpa hvernig eiginleikar í borgarrýmum hafa áhrif á upplifun fólks sem hjólar í samgönguskyni og hvernig gildi fegurðar hefur áhrif á gæðamat fólks á hjólaleiðum. Samanburðarrannsóknir voru unnar í þremur meðalstórum norrænum borgum, Reykjavík, Þrándheimi og Óðinsvéum. Doktorsritgerðin er byggð á þremur greinum sem birtar hafa verið í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum.

Harpa Stefánsdóttir útskrifaðist frá Arkitekt- og designhøgskolen i Oslo (AHO) árið 1993 og starfaði sem arkitekt í Reykjavík þar til hún réð sig sem styrkþega í skipulagsfræðum haustið 2010 við Institutt for Landskapsplanlegging við NMBU. Frá 2012 hefur hún einnig verið meðlimur í rannsóknarhópnum um sjálfbæra þróun í skipulagi borga á sömu deild. Hún mun starfa áfram við rannsóknir á þessu sviði við sama háskóla.

**FYRIRLESTURINN FER FRAM Í TJARNARSAL
RÁÐHÚSS REYKJAVÍKUR.**

ALLIR ERU VELKOMNIR.



Reykjavíkurborg



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts